

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	23. september 2019
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	10:00 – 11:30
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fisksjúkdómanefndar), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir (f.h. Veiðimálastofnunar)		

## Dagskrá

1. Erindi Lífsgleði ehf.
2. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska

## Umræða

### 1. Erindi Lífsgleði ehf.

Bernard Laxdal, dýralæknir Lífsgleði ehf, gerði grein fyrir umsóknum um lyfjameðhöndlun eldisfiska sbr. dagskrárlíð 2. Var Fisksjúkdómanefnd gerð grein fyrir stöðu fiskilúsar og laxalúsar í þeim eldiskvíum sem ætlunin er að meðhöndla. Þá var gerð grein fyrir þeim áhrifum sem fiskar í kvíunum verða fyrir vegna lúsar og hver áhrif hennar er á velferð dýranna. Einnig var Fisksjúkdómanefnd frædd um þær forvarnir sem ástundaðar eru til að varna áhrifum fiskilúsar og laxalúsar. Að erindi sínu loknu yfirgaf fulltrúi Lífsgleði ehf. fundinn.

### 1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaelði

- a) *Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar (lyfjafóðrunar) eldisfiska með SLICE lúsalyfi í kvíabóli í Tjaldanesi í Arnarfirði:* Umsókn þessi hafði áður komið til umfjöllunar Fisksjúkdómanefndar á fundi hennar þann 19. ágúst 2019 og var þá efnislegri umfjöllun frestað, um nánari umfjöllun er vísað á fundargerð Fisksjúkdómanefndar frá 19. ágúst 2019. Fisksjúkdómanefnd fór yfir gögn máls, meðal annars niðurstöður talningar á fiskilús og laxalús í kvíunum. Svo virðist sem fjöldi laxalúsar sé í lágmarki á öllum sjókvíaeldissvæðum og leiða má rök að því að góð og kerfisbundin notkun hrognkelsa til forvarnar laxalús sé, meðal annars, að skila góðum árangri. Fisksjúkdómanefnd mælir með lyfjameðhöndlun á Tjaldanesi vegna fjölda fiskilúsar (*Caligus elongatus*). Á grundvelli fjölda lúsa sem hafa verið taldar í fiskum í þessum kvíum, telur Fisksjúkdómanefnd að velferð fiska í kvíunum verði ekki betur tryggð með öðrum leiðum en meðhöndlun með sníkjudýralyfjum. Fisksjúkdómanefnd mælir því með að Matvælastofnun heimili lyfjafóðrunina á grundvelli umsókna þar um.
- b) *Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar (lyfjaböðunar) eldisfisks í kvíabólinu í Hringsdal í Arnarfirði:* Umsókn þessi hafði áður komið til umfjöllunar Fisksjúkdómanefndar á fundi hennar þann 19. ágúst 2019 og var þá efnislegri umfjöllun frestað, um nánari umfjöllun er vísað á fundargerð Fisksjúkdómanefndar frá 19. ágúst 2019. Fisksjúkdómanefnd fór yfir gögn máls, meðal annars niðurstöður talningar á fiskilús og laxalús í kvíunum. Svo virðist sem fjöldi laxalúsar sé í lágmarki á öllum sjókvíaeldissvæðum og leiða má rök að því að góð og kerfisbundin notkun hrognkelsa til forvarnar laxalús sé, meðal annars, að skila góðum árangri. Fisksjúkdómanefnd mælir með lyfjameðhöndlun í Hringsdal vegna fjölda fiskilúsar (*Caligus elongatus*). Á grundvelli fjölda lúsa sem hafa verið taldar í fiskum í þessum kvíum, telur Fisksjúkdómanefnd að velferð fiska í þeim verði ekki betur tryggð með öðrum leiðum en

meðhöndlun með sníkjudýralyfjum. Fisksjúkdómanefnd mælir því með að Matvælastofnun heimili lyfjaböðun á grundvelli umsóknar þar um.

## 2. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:30.